

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 16. október 2008

Erlend greiðslumiðlun enn í ólagi

Greiðslumiðlun innanlands gengur eðlilega fyrir sig og það sama á við um notkun íslenskra greiðslukorta, jafnt innanlands sem utan. Hvað varðar greiðslur til og frá Íslandi hefur aftur á móti fátt breyst síðan í gær og er temprun gjaldeyrisútlæðis enn við lýði. Icebank getur sinnt erlendri greiðslumiðlun í einhverju formi.

Í sumum tilfellum afgreiða erlendir bankar ekki greiðslur til íslenskra banka af ótta við að þær lendi í greiðslustöðvunarferli hjá viðtakanda, eða berist hreinlega ekki, og að ábyrgðin verði þeirra. Viðtakendur eiga erfitt með að standa í skilum vegna þessa. Hnökrar hafa verið á greiðslum til og frá öllum löndum. Alvarlegust er þó staðan gagnvart breskum aðilum, sem rekja má beint til aðgerða breskra yfirvalda síðustu daga.

Í þessu sambandi minnir Viðskiptaráð á skjal sem aðildarfélög geta notfært sér við að útskýra stöðu mála á gjaldeyrismarkaði gagnvart erlendum hagsmunaaðilum. Skjalið má nálgast [hér](#).

Mínum fyrirtæki á að liðka fyrir ábyrgðum

Eins og Viðskiptaráð hefur áður bent á hafa upplýsingakröfur erlendra greiðslutryggingarfyrirtækja um íslensk fyrirtæki verið hertar. Í ljósi þess viljum við minna fyrirtæki, sem eiga eftir að skila inn ársreikningi 2007 (og í sumum tilfellum árshlutareikningi 2008), á að gera það hið fyrsta, enda er það nú forsenda þess að greiðslur íslenskra fyrirtækja hjá fyrrgreindum greiðslutryggingarfélögum fái tryggingar.

Upplýsingar sendist á reports@creditinfo.is.